



Varðandi: Búnaðar- og áhaldakaup 2017 - tækjakaupasjóður

Málsnúmer: 1703067

Dagsetning: 11. september 2017

TILLAGA:

Bæjarráð samþykkir að uppfærður verði tækjabúnaður til kennslu í Tónlistarskólanum á Akranesi. Fjármunum vegna þessa, samtals að fjárhæð kr. 1.798.000, verður ráðstafað af liðnum 20830-4660.

Til ráðstöfunar á liðnum 20830-4660 er kr. 6.751.000 að teknu tilliti til ráðstöfunarinnar nú.

GREINARGERÐ: Tölvubúnaður Tónlistarskólans er mjög bágborinn og nauðsynlegt að uppfæra hann. Samtals eru 17 tölvur í kennslustofum og vinnurýmum kennara en 13 þeirra eru með úrelt stýrikerfi. Að auki eru þrjár tölvur fyrir skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og ritara sem eru í ágætis ástandi og samtals eru því 20 tölvur í Tónlistarskólanum.

Í upphafi árs var keypt fjölnota tæki sem nýtist sem ljósritunarvél/prentari/skanni og með því hafa sparast umtalsverðir fjármunir m.a. þar sem tekinn var úr umferð eldri prentari (blek) en ekki er unnt að nota eldri tölvurnar með tækinu.

Varðandi endurnýjun tölvubúnaðararins er talið hagkvæmara að ráðast í nýfjárfestingu en eiginlega uppfærslu á búnaðinum enda er vélbúnaðurinn sjálfur kominn til ára sinna.

Það er mat skólastjóra að í stað þess að kaupa hefðbundnar borðtölvur sé rétt að fjárfesta í iPad búnaði sem kennarar nota við kennslu. Sífellt fleiri styðjast við það kennsluform og í kjarasamningi tónlistarkennara er gert ráð fyrir að skólastjóri geti óskað eftir að starfsmenn noti sína eigin tölvu vegna kennslu en greiða þarf þá sérstaka þóknun fyrir sem nemur um kr. 60.000 á ári. Það er samt ekki leið sem hægt er að nýta sem almenna reglu því ákvörðun kennara um að nota sinn eigin tækjakost til kennslu er auðvitað valkvæð en að auki er það ekki kennsluform sem allir styðjast við.



Akraneskaupstaður

Samkvæmt upplýsingum frá skólastjóra er óskað eftir kaupum á 21 iPad og með því er tekið mjög stórt skref í að færa tækjakost hvað þetta varðar til samræmis við það sem best getur verið. Ekki var gert ráð fyrir slíkri fjárfestingu í fjárhagsáætlun ársins en lagt er til að uppfærslan verði gerð í tveimur skrefum, annars vegar með sérstakri fjárveitingu úr tækjakaupasjóði núna vegna kaupa og síðan með fjárveitingu í fjárhagsáætlun vegna ársins 2018 og er þá miðað við að tækjabúnaðurinn verði keyptur strax í upphafi ársins. Við þá ákvörðun verði unnt að hafa til hliðsjónar reynsluna af fyrirkomulaginu nú fyrir áramót.

Samkvæmt fyrirliggjandi tilboðum er kostnaðurinn við kaup á iPad eftirfarandi:

- iPad Pro 12.9“ 256GB 2017 - kr. 132.178.- m/vsk.
- Apple Smart Keyboard 12.9 (IS) - kr. 31.246.- m/vsk.

Samtals kr. 163.424 m/vsk.

- Heildarkostnaður vegna 21 tækis: Kr. 3.431.904 m/vsk. (kr. 163.424 X 21 tæki).

Fjöldi tækja sem lagt er til að verði keypt núna og er óskað fjárveitingar fyrir úr tækjakaupasjóði: 11 tæki

- Heildarkostnaður kr. 1.797.664 m/vsk. (kr. 163.424 X 11 tæki)

Með vísan til framanritaðs gerir undirritaður framangreinda tillögu.



Steinar Adólfsson
sviðsstjóri